



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 20. ágúst 2019
R17040014
010

Borgarráð

Úrskurður dómsmálaráðuneytisins vegna kæru Vigdísar Hauksdóttur á úrskurði kjörnefndar skv. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur hefur borist úrskurður dómsmálaráðuneytisins vegna kæru Vigdísar Hauksdóttur á úrskurði kjörnefndar skv. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Úrskurður ráðuneytisins var kveðinn upp 7. ágúst 2019.

Í úrskurðarorðum kemur fram að úrskurður kjörnefndar sem skipuð var af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og kveðinn var upp hinn 24. júní 2019, vegna kæru Vigdísar Hauksdóttur sem hún lagði fram hinn 14. febrúar 2019, vegna kosninga til borgarstjórnar Reykjavíkur sem fram fóru hinn 26. maí 2018, er staðfestur.

F.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkur

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar